



## FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. **7** 2011 - 2012

### FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA þriðjud. 11. sept. 2012. Hófst kl. 14:00.  
Fundarstaður: Fundaherbergi Austurbrúar ses, Miðvangi 2-4, á Egilsstöðum

Þátttakendur: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir, auk þáttakenda í síma (lið 1.) og innlit álitgjafa undir lið 2.

#### Fundarefni:

##### 1. Almenningsamgöngur á Austurlandi,

Undir þessum lið var Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú ses, á síma, og var farið yfir það með hvaða hætti staðan væri kynnt, á dagskrá aðalfundar SSA, laugardaginn 15. september n.k. Farið var yfir stöðu málsins, og samþykkt að stefna á samráðsfund með hagsmunaaðilum (akstursaðilum) fyrir 5. október, n.k., og í framhaldi af því þyrfi að taka ákvörðun um fyrirkomulag þessara mála, á næstu árum, helst fyrir miðjan október n.k., þar sem nýtt fyrirkomulag tæki gildi um næstu áramót.

##### 2. Dagskrá aðalfundar SSA, 14. – 15 sept., 12, að öðru leyti:

Farið var yfir dagskrá aðalfundar, að öðru leyti, og rætt um undirbúning einstakra liða:

- a). **Heiðursgestur (ir) á hátíðarkvöldverði:** Rætt um undirbúning við „kveðjuathöfn“ fyrir heiðursgest (i), textagerð, upplestur og ýmsar mögulegar útfærslur á athöfninni. Farið yfir verkaskiptingu á undirbúningi og framkvæmd.
- b). **Hópstjórar í starfsnefndum aðalfundar:** Farið yfir mögulega hópstjóra, á aðalfundi vegna nefndarstarfa og ályktana, sem bornar yrðu upp til meðferðar á fundinum. Gerð var tillaga að hópstjórum, sem rædd yrði við viðkomandi, og staðfest fyrir fundinn.
- c). **Menningarverðlaun SSA 2012:** Farið var yfir þær fjórar tilnefningar, sem borist höfðu, og hvort þær uppfylltu viðmiðunarreglur SSA, um þennan málaflokk, sem þær gerðu með orðalagabreytingu í framsetningu einnar tilnefningar. Leytað var álit hjá Signý Ormarsdóttur menningarfulltrúa, á tilnefningum, og farið yfir fyrri tilnefningar. Ákveðið var að fram færi kosning, með tölvupósti, samkvæmt ofangreindum reglum, 3,2,1., og síðan yrði tilkynnt til viðkomandi hver fengi Menningarverðlaun SSA 2012.
- d). Haft var samband, símleiðis, við Ólaf Áka Ragnarsson, verkefnastjóra, til þess að fylgja eftir ofangreindum atriðum, ásamt stöðu annara mála fyrir aðalfundinn 2012.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:45.  
Valdimar O. Hermannsson, ritaði fundargerð.